

## **5. aðalfundur 20.4.2010**

### **Starfsemi Leiknar 2009 – 2010**

Skýrsla stjórnar.

Fjórði aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, var haldinn fimmtudaginn 23. mars 2009.

Á fundinum var Guðjónína Sæmundsdóttir kjörin formaður.

Aðrir í stjórn eru:

Hulda Ólafsdóttir, Mími-símenntun, varaformaður

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, ritari

Hildur Elín Vignir frá IÐUNNI fræðslusetri. Gjaldkeri

Emil Björnsson, Fræðsluneti Austurlands, meðstjórnandi

Varafulltrúar:

Finnur Gunnþórsson, Námsflokkum Hafnarfjarðar

María Hildibórsdóttir, Fjölmennt.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þau Bryndís Þráinsdóttir, Farskólinn-miðstöð símenntunar á norðurlandi vestra og Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Stjórn Leiknar hefur haldið 5 bókaða fundi frá aðalfundi 2009.

Helstu mál sem nefna má í starfsemi Leiknar:

#### **1. Heimasíða Leiknar.**

Leikn fékk á sínum tíma styrk frá menntamálaráðuneytinu til að koma upp heimasíðu fyrir samtökin. Heimasíðan hefur veffangið [www.leikn.is](http://www.leikn.is). Heimasíðan er bæði ætluð sem almenn kynningarsíða á Leikn og einnig sem innri síða fyrir félagsmenn. Félagsmenn hafa lykilorð sem veitir þeim aðgang að innri síðunni.

#### **2. Erlent samstarf.**

Heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila í hverju Norðurlandanna hafa með sér regnhlífarsamtök, er samsvara Leikn. Öll þessi samtök reka þó sjálfstæðar skrifstofur með föstu starfsfólki og eru á þann veg ólík Leikn. Þessi samtök hafa með sér mikið samstarf og funda reglulega tvisvar á ári. Annan fundinn sitja einungis norrænu aðilarnir, framkvæmdastjórar og annað starfsfólk eftir því sem við á, en hinn fundurinn er með systursamtökunum í Eystrasaltsríkunum. Leikn hefur tekið á öflugan hátt þátt í samstarfi þessara aðila.

Í október 2009 var fundur norrænu samtakanna haldinn í Kaupmannahöfn. Stjórn Leiknar hafði ekki tök á að sækja fundinn að þessu sinni. Í febrúar 2010 var fundur með norrænu og baltísku samtökunum í Riga í Lettlandi. Formaður fór á fundinn fyrir hönd Leiknar.

Það virðist vera sammerkt með fullorðinsfræðslunni í norrænu löndunum að kreppan hafi haft lítil sem engin áhrif á fjármagn til þessa málaflökks. Hins vegar hefur aðsóknin aukist í kjölfar kreppunnar. Helstu áhersluatriði norrænu samtakanna núna eru EQF og NQF.

Norrænu samtökin eru virkir þátttakendur í Evrópsku fullorðinsfræðlusamtökunum (EAEA) og Alþjóðasamtökunum (ICAE). Taka þau öll þátt í samstarfi á þess vegum í eigin nafni.

Leikn er meðlimur í EAEA en stjórn Leiknar hefur ekki séð sér fært að taka þátt í fundum á vegum EAEA. Norrænu félagar okkar hafa sent fulltrúa sína á þá fundi. Fjórir fulltrúar norrænu og baltísku samtakanna eru í stjórn EAEA. Leikn hefur ekki treyst sér hingað til að ganga í ICEA.

### **3. Umsagnir og samstarf.**

Með betri kynningu á Leikn hefur aukist að óskað sé umsagnar samtakanna um mál er varðar fullorðinsfræðsluna, auk þess leitað er til samtakanna um tilnefningar í starfshópa er fást við fullorðinsfræðslu, meðal annars í ýmis tengslanet á vegum NVL, stjórn landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins og umsagna vegna frumvarps til laga um framhaldsfræðslu.

Á fyrstu starfsárum Leiknar hafa samtökin verið að festa sig í sessi og byggt upp tengsl við fullorðinsfræðsluaðila á Norðurlöndunum. Stjórn Leiknar ákvað að fyrir þetta starfsár yrði áherslan á að viðhalda þessu tengslum en leggja jafnfram meiri áherslu á að byggja upp tengsl fullorðinsfræðsluaðila hér innan lands. Ákveðið var að halda a.m.k. eina góða ráðstefnu á ári til að efla innbyrðis tengsl. Stjórn Leiknar ákvað að gæðamál væru það sem væri mest aðkallandi mál innan fullorðinsfræðslunnar að þessu sinni og helgar því ráðstefnuna vorið 2010 því málefni.

### **4. Félagsaðilar að Leikn**

Umræða hefur verið innan stjórnar um hvaða aðilar eigi að geta verið innan Leiknar. Samkvæmt 5. gr. samþykktu Leiknar eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis rétt til aðildar að samtökunum.

Einnig geta orðið aðilar fræðsludeildir sem starfa á ofangreindum grunni.

Á aðalfundi Leiknar árið 2009 kom í ljós almennur áhugi félagsmanna á að fjölga aðilum í Leikn. Stjórn Leiknar skoðaði vandlega hvaða aðilar gætu átt erindi í Leikn. Að lokinni skoðun var fjölmörgum aðilum boðin þátttaka. Þeir sem hafa ákveðið í kjölfarið að ganga í Leikn eru: Opni háskólinn, Endurmenntun Háskóla Íslands og Símenntun Háskólans á Akureyri.

### **5. Fjárhagur Leiknar**

Leikn fær eingöngu fjármuni frá félagsgjöldum meðlima. Þeir fjármunir þurfa að standa undir þeirri starfsemi sem Leikn stendur fyrir. Óskað hefur verið eftir fjárstuðningi frá Menntamálaráðuneytinu en ekki hefur fengist styrkur þaðan.

Starfið hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt. Stöðugt fleiri þekkja Leikn og leita til samtakanna. Leggja þarf aukna áherslu á að efla enn frekar kynningu á samtökunum og efla innra starf samtakanna.